



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Vinnu- og virknipjónusta fyrir fatlað fólk

1. Framboð, kostnaður og nýting

Samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er skipulag, framkvæmd og rekstur vinnustaða fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virknipjálfun á ábyrgð sveitarfélaga. Reykjavíkurborg rekur í dag tvo virknistaði sem veita vinnu- og virknimiðaða stoðþjónustu fyrir fatlað fólk. Staðirnir eru Smiðjan sem er í Skeifunni 8 og Opus sem er í Völvufelli 11. Þessir staðir eru reknir saman undir merkjum Virknimiðstöðvar Reykjavíkur. Þar að auki kaupir Reykjavíkurborg þjónustu af nágrannasveitarfélögum, Ási styrktarfélagi og Ásgarði.

Yfirlit yfir virknipjónustu í apríl 2026					
Virkniráðgjafi	Framboð (100% pláss)	Fjöldi		Kostnaður (kr.)	Kostnaður á pláss (kr.)
		einstaklinga í þjónustu	Einstaklingar á hvert pláss		
Úrræði Rvk: Skeifan 8 og Opus	48	72	1,5	75.305.535	1.568.865
Keypt úrræði: Ás	104	160	1,5	96.033.099	923.395
Keypt úrræði: Ásgarður	12	22	1,8	7.114.788	592.899
Keypt úrræði: Geitungar	1	2	2,0	952.852	952.852
Keypt úrræði: Hæfingarstöðin Bæjarhrauni	1	4	3,3	3.188.990	2.657.492
Keypt úrræði: Hæfingarstöðin Dalvegur	3	6	1,9	3.571.495	1.152.095
Keypt úrræði: Örví starfsþjálfun	2	4	2,3	2.014.705	1.151.260
Samtals	171	270	1,6	188.181.464	1.100.155

Framboð virknipjónustu er mælt í 100% vinnu- og virknirýmum. Þar sem margir einstaklingar nýta þjónustuna í lægra hlutfalli en 100% er fjöldi einstaklinga í þjónustu hærri en fjöldi vinnu- og virknirýma. Árið 2026 er heildarframboð þjónustunnar 171 vinnu- og virknirými og alls eru 270 einstaklingar í þjónustu. Það samsvarar að meðaltali 1,58 einstaklingum á hvert 100% vinnu- og virknirými. Heildarkostnaður þjónustunnar nemur 188,2 m.kr.



Virknimiðstöð Reykjavíkur er einnig með aðstöðu í Smírey, Knarrarvogi 2 (sérhæft úrræði fyrir einstaklinga með einhverfu og djúpa þroskahömlun) og í Klúbbhúsinu, Sævarhöfða 31. Þeir sem eru í virkni í Skeifunni og Opus geta farið hluta úr degi yfir í Smírey og Klúbbhúsið. Virknimiðstöðin er að auki með vinnuúrræði fyrir 37 einstaklinga í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í Reykjavík, s.s. Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Græna skáta, Húsasmiðjuna og Krónuna. Þá er einnig samstarf við umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar.

2. Kostnaðaraukning á árunum 2018-2023

Kostnaður Virknimiðstöðvarinnar rúmlega tvöfaldaðist á árunum 2018-2023, umfram launa- og verðlagshækkunarir og samhlíða fjölgaði stöðugildum stjórnenda og leiðbeinenda. Meginskýringin er þrífalt:

1) Opnun Opus: Nýtt úrræði, Opus, hóf starfsemi í september 2019. Opnun þess hefur veruleg áhrif á samanburð heildarfjárhæða á tímabilinu 2018 til 2023 og er stærsti einstaki áhrifapátturinn í þeirri þróun sem hér er til umfjöllunar. Af þeim sökum er tilefni til að greina áhrif Opus sérstaklega, eins og gert er hér að neðan.

2) Auknar stuðningsparfir: Ás styrktarfélag hætti að taka inn nýja notendur með miklar stuðningsparfir árið 2019 vegna plássleysis í húsakynnum þeirra. Það leiddi til þess að einstaklingar með mestu stuðningsparfirnar hafa síðan árið 2019 farið í virkni í úrræðum á vegum Reykjavíkurborgar. Fjöldi þeirra sem hafa miklar stuðningsparfir út frá umönnun eða hegðun hefur því aukist töluvert í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu hjá Reykjavíkurborg, sem krefst fleiri stöðugilda á hvern notanda.

3) Einstaklingsbundin þjónusta: Áhersla hefur verið á að mæta getu, þörfum og áhuga notenda. Virkniúrræði á að vera staður þar sem gaman er að vera og notendur fá að njóta sín, þróast félagslega og vera partur af samfélaginu. Þessi áhersla felur í sér aukna mönnun til þess að geta mætt einstaklingsmiðuðum þörfum.

Opnun Opus

Opus hóf starfsemi í september 2019 og kom að fullu inn í reksturinn árið 2020. Kostnaðaraukning í Virknimiðstöðvarinnar var um 40 m.kr. milli 2019 og 2020 ef horft er fram hjá Opus, en var um 100 m.kr. ef rekstur Opus er tekinn með.

Mikilvægt er að skoða árin 2020 til 2023 í stað 2018 til 2023 eða frá því að Opus hóf starfsemi, til að átta sig á kostnaðaraukningunni umfram launa- og verðlagshækkunarir. Vörukaup hækkuðu um 10,6 m.kr. á tímabilinu 2020 til 2023 en hefðu hækkað um 9,7 m.kr. ef þau hefðu fylgt vísitölu neysluverðs (VNV). Hækkun vörukaupa var því 2,5% umfram VNV. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 207,8 m.kr. en hefðu hækkað um 169,6 m.kr. ef þau hefðu fylgt launavísitölu. Laun hækkuðu því um 8% umfram launavísitölu á tímabilinu 2020 til 2023.

Ljóst er því að kostnaður hækkar umfram almennar verð- og launahækkunarir en í talsvert minna mæli ef tekið er tillit til reksturs Opus. Hækkun umfram VNV og launavísitölu er vegna aukinna stuðningsparfa og áherslubreytinga í stuðningi og þjónustu.



Í töflunni hér að neðan má sjá þróun vörukaupa í vinnu og virkni úrræðum á tímabilinu 2018 til 2023. Undir vörukaup falla fyrst og fremst kaup á vörum og aðföngum sem tengjast daglegum rekstri úrræðanna, svo sem hráefni og matvæli, hreinlætis- og ræstingarvörur, skrifstofuvörur, eldsneyti, sjúkra- og hjúkrunarvörur og ýmis önnur rekstraraðföng. Aðkeypt þjónusta, svo sem ræsting, leiga, viðhald og sérfræðiþjónusta, telst hins vegar ekki til vörukaupa.

Athygli vekur 150% aukning vörukaupa hjá Opus milli áranna 2019 og 2020, sem skýrist af þeirri uppbyggingu starfseminnar sem áður hefur verið fjallað um. Því gefur þróun vörukaupa úrræðanna þriggja samanlagt yfir tímabilið 2018 til 2023 ekki fyllilega samanburðarhæfa mynd.

	Vörukaup					
	2018	2019	2020	2021	2022	2023
F4601 - lðjuberg	9.546	10.054	11.316	10.854	10.442	15.182
F4602 - Smiðjan (Gylfaflöt)	13.333	14.847	17.629	17.912	19.674	23.795
F4603 - Opus	0	1.517	3.788	4.530	4.911	4.361
<i>Samtals</i>	<i>22.879</i>	<i>26.418</i>	<i>32.733</i>	<i>33.296</i>	<i>35.027</i>	<i>43.338</i>
Br. milli ára (samtals)		15%	24%	2%	5%	24%
Br. milli ára (lðjuberg og Smiðjan)		9%	16%	-1%	5%	29%
Br. milli ára (Opus)			150%	20%	8%	-11%

Í töflunni hér að neðan má sjá þróun launa og launatengdra gjalda hjá lðjubergi, Smiðjunni og Opus á tímabilinu 2018-2023. Samanlögð laun og launatengd gjöld jukust úr 307,7 m.kr. árið 2018 í 666,4 m.kr. árið 2023 og hafa því meira en tvöfaldast á tímabilinu. Hækkunin er mest á milli áranna 2019 og 2020, eða 23%, en þar hefur uppbygging Opus töluverð áhrif. Sé Opus undanskilið nam hækkunin 12% á milli þessara ára. Ef horft er til áranna eftir opnun Opus, þá hafa laun og launatengd gjöld hjá vinnu og virkniúrræðunum þremur farið úr 458,5 m.kr. árið 2020 í um 666,4 m.kr. árið 2023 sem gerir um 45% hækkun. Á sama tíma hækkaði launavísitala um 37%.

	Laun og launatengd gjöld					
	2018	2019	2020	2021	2022	2023
F4601 - lðjuberg	120.491	134.706	139.526	151.171	151.484	157.536
F4602 - Smiðjan (Gylfaflöt)	187.212	216.799	253.331	276.268	354.239	418.712
F4603 - Opus	0	22.272	65.708	77.032	81.654	90.130
<i>Samtals</i>	<i>307.703</i>	<i>373.777</i>	<i>458.565</i>	<i>504.470</i>	<i>587.378</i>	<i>666.377</i>
Br. milli ára (samtals)		21%	23%	10%	16%	13%
Br. milli ára (lðjuberg og Smiðjan)		14%	12%	9%	18%	14%
Br. milli ára (Opus)			195%	17%	6%	10%

Ef eingöngu er litið til kostnaðar á lðjubergi og Smiðjunni frá 2018 til 2023, þá sést í töflunni sem sýnir þróun vörukaupa að þau fara úr um 22,9 m.kr. árið 2018 í um 39 m.kr. árið 2023 sem er um 70% hækkun. Á sama tíma fara laun og launatengd gjöld úr um 307,7 m.kr. árið 2018 í 576,3 m.kr. árið 2023 hjá lðjubergi og Smiðjunni sem gerir um 87% hækkun. Eins og áður hefur komið fram þá er helsta skýringin ekki eingöngu kjarasamningabundnar launahækkunir ásamt hækkun verðlags, heldur einnig fjölgun



stöðugilda vegna þjónustuþega með miklar stuðningsparfir ásamt áherslubreytingum í þjónustu.

	Breyting stöðugilda					
	2018	2019	2020	2021	2022	2023
F4601 - lðjuberg		0,3%	1,7%	0,4%	-3,3%	1,5%
F4602 - Smiðjan (Gylfaflöt)		2,8%	-2,0%	1,4%	21,7%	15,6%
F4603 - Opus			266,5%	33,9%	-13,1%	2,9%

Í kjölfar skipulagsbreytinga í málaflokki fatlaðs fólks í ársbyrjun 2025 var allur rekstur Virknimiðstöðvar Reykjavíkur rýndur og endurskoðaður. Öll tækifæri til hagræðingar og aðhalds voru skoðuð og ýmislegt gert til að draga úr kostnaði. Stjórnendum var fækkað, úrræði sameinuð í eitt húsnæði með tilheyrandi samlegðaráhrifum og dregið markvisst úr matarkostnaði. Í því samhengi er vert að nefna að hægt væri að hefja gjaldtöku vegna hádegismatar sem hingað til hefur verið veittur endurgjaldslaut. Slík gjaldtaka myndi ekki draga úr kostnaði við þjónustuna sjálfa en gæti aukið tekjur á móti hluta fæðiskostnaðar.

3. Fjárhagsáætlun 2027

Ljóst er að þjónustan er veitt innan ákveðins fjárhagsramma og ekki liggur fyrir að gert sé ráð fyrir auknum fjárveitingum til málaflokksins. Það er ljóst að til hagræðingar þarf að koma á árinu 2027 þar sem þjónustan er rekin yfir fjárheimildum á árinu 2027. Því er mikilvægt að leggja mat á hvernig stuðningsparfir og biðlistar samræmist núverandi rekstrarforsendum og hvaða áhrif það kann að hafa á framboð þjónustu, nýtingu úrræða og forgangsröðun innan þjónustunnar.

Markmið fjárhagsáætlunar 2027 er að núverandi fjárhagsrammi standi undir fyrirséðri þjónustuþörf og greina hvaða rekstrarlegu áskoranir eða breytingar kunna að blasa við á næsta fjárhagsári.

Hér fyrir neðan er stiklað á stóru um þá þætti sem líklegir eru til að hafa mest áhrif á rekstur og þjónustu Virknimiðstöðvarinnar á árinu.

Þá er ljóst að horfa verður til fjölda ungmenna sem útskrifast úr framhaldsskólum árið 2027 og gera ráð fyrir því að Virknimiðstöðin geti boðið upp á þjónustu fyrir þann hóp.

Húsnæði

Árið 2025 og í upphafi ársins 2026 voru áskoranir í umhverfi Virknimiðstöðvarinnar sem settu svip sinn á starfsemina. Áskoranirnar fólust í myglu sem kom upp í húsnæði og óvissu um húsaleigu sem leiddi til sameiningar starfsstöðva og flutninga á nýjan stað í Skeifunni 8. Nauðsynlegt var að ráðast í breytingar á húsnæðinu þannig að starfsemin mætti þörfum notendahópsins. Einungis 25% kostnaðarins var endurgreiddur af ríkinu en annar kostnaður féll alfarið á rekstur Virknimiðstöðvarinnar. Skömmu eftir flutninga varð mikið vatnstjón á nýja staðnum í Skeifunni þannig að grípa varð til tímabundinna lausna í húsnæðismálum. Allt voru þetta stór verkefni þar sem notendahópurinn er viðkvæmur og skýrt skipulag og utanumhald er grundvallaratriði fyrir velferð notenda. Starfsmenn, stjórnendur og notendur sýndu útsjónarsemi og þrautseigju á meðan öllu



Þessu stóð og er starfsemin nú í góðu jafnvægi í Skeifunni 8. Í næstu fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir meiri stöðugleika í húsnæðismálum.

Stjórnun og rekstur

Breytingar hafa verið á stjórnun Virknimiðstöðvarinnar. Má þar bæði nefna áherslubreytingar í stjórnun og fækkun stjórnenda. Helsta áherslubreytingin felst í því að reglulega fer fjármálasérfræðingur yfir rekstrarlega stöðu Virknimiðstöðvarinnar með stjórnendum. Lögð er áhersla á að deildarstjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks og forstöðumaður séu vel upplýstir um rekstrarlega stöðu sem og aðrir stjórnendur Virknimiðstöðvarinnar. Þannig skapast gagnsæi, vettvangur fyrir upplýsingamiðlun, ábyrgð og meðvitaður rekstur. Undanfarið hafa verið gerðar skipulagsbreytingar sem fela í sér hámarksnýtingu starfsmanna m.t.t. stuðningsparfa notenda. Til að nýta þann mannafla sem er til staðar er reglulega endurmetið og skoðað hvernig best sé að skipuleggja starfið, vinnutíma starfsmanna og virknitíma notenda. Jafnframt er rýnt vel í vörukaup og fæðiskostnað.

Þjónustan

Ungt fatlað fólk sem útskrifast úr framhaldsskólum er almennt mun virkara en fyrri kynslóðir í félagsstarfi, íþróttum og atvinnulífi. Virknimiðstöðin hefur því leitast við að breyta áherslum í þjónustu og bjóða upp á meiri fjölbreytni og sveigjanleika. Mikilvægt er að bjóða upp á verkefni við hæfi þar sem ríkir vellíðan og gleði. Fagmenntað starfsfólk er ráðið inn í samræmi við fjárhagsáætlun.

Biðlisti

Á hverju ári útskrifast númer af starfsbrautum framhaldsskólanna og mörg þeirra sækja um virknipjónustu sveitarfélaga. Umsóknir eru flestar frá einstaklingum með þroskahömlun, einhverfu og aðrar skyldar fatlanir. Frá árinu 2023 hefur ekki verið gert ráð fyrir auknu fjármagni í þjónustuna þó svo nýjar umsóknir séu á milli átta til tíu hvert ár. Eins og staðan er núna er ekki svigrúm hjá Reykjavíkurborg til að fjölga notendum virkniúrræða og því hefur skapast biðlisti. Biðlistinn í ágúst 2026 telur níu einstaklinga. Aðstæður þeirra sem eru á biðlistanum eru mismunandi en það er áhyggjuefni þegar um er að ræða einstaklinga sem búa í foreldrahúsum og þar sem það getur leitt til þess að foreldrar geta ekki sinnt vinnu á meðan beðið er eftir að komast að í virkniúrræði. Þegar umsækjendur búa í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk eykst kostnaður þar vegna aukinnar mönnunarparfar á meðan beðið er eftir að viðkomandi komist að í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu.

Mikilvægt er að skapa svigrúm svo unnt sé að taka á móti nýjum notendum. Ein leið til að skapa slíkt svigrúm væri að fara í viðræður við heilbrigðisráðuneytið um að koma á fót almennri dagdvöl fyrir aldrað fatlað fólk með samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Í því felst jafnframt tækifæri til að skapa umhverfi sem betur mætir þörfum þeirra einstaklinga sem þurfa á aukinni ró og minna áreiti að halda. Að mati velferðarsviðs væri þessi leið skilvirk og skynsamleg með hliðsjón af nýtingu fjármuna og þjónustu.



Framtíðarsýn

Mikilvægt er að gerð verði uppbyggingaráætlun í vinnu og virknipjónustu í Reykjavík. Þar sé horft til þeirra breytinga sem orðið hafa í málaflokknum og samfélaginu, sem og væntinga og þarfa fatlaðs fólks.

Í stefnu Reykjavíkurborgar í málaflokki fatlaðs fólks 2026-2036 er lögð áhersla á að Virknimiðstöðin hafi umsjón með þróun fjölbreyttra möguleika á störfum fyrir fatlað fólk víðsvegar í samfélaginu með því til dæmis að efla vinnusamninga Vinnumálastofnunar. Í stefnunni er jafnframt undirstrikað að skoðaðir verði kostir þess að opna virknimiðstöð fyrir fólk með geðfötlun en virknimöguleikar þess hóps eru mjög takmarkaðir og aðgengi að þeim vinnu- og virknistöðum sem reknir eru á höfuðborgarsvæðinu, er einnig takmarkað. Félagasamtök hafa verið að bjóða upp á virkni fyrir þennan hóp, en auka þarf framboð og fjölbreytni þeirrar virkni.

Samantekt

Vinnu- og virknimiðuð stoðþjónusta Reykjavíkurborgar hefur tekið töluverðum breytingum á undanförunum árum. Heildarframboð þjónustunnar árið 2026 er 171 vinnu- og virknirými og alls nýta 270 einstaklingar þjónustuna. Samhliða hafa stuðningsþarfir notendahópsins aukist og meiri áhersla verið lögð á einstaklingsmiðaða, fjölbreytta og sveigjanlega þjónustu. Þessi þróun, ásamt opnun Opus árið 2019, skýrir að verulegu leyti þá kostnaðaraukningu sem orðið hefur í þjónustunni.

Í kjölfar skipulagsbreytinga á velferðarsviði í ársbyrjun 2025 hefur reksturinn verið rýndur með það að markmiði að hagræða, auka aðhald og bæta nýtingu fjármuna. Meðal annars hefur stjórnendum verið fækkað, starfsstöðvar sameinaðar, skipulag mannafla endurskoðað og aukin áhersla lögð á reglubundið fjármálaeftirlit og aðhald í rekstrarkostnaði. Þannig hefur þegar verið gripið til fjölpættra aðgerða til að ná fram hagræðingu innan þjónustunnar.

Helsta áskorunin fram undan er að mæta áframhaldandi eftirspurn eftir þjónustu innan þess fjárhagsramma sem til staðar er. Nýjar umsóknir hafa verið átta til tíu á ári frá árinu 2023 án þess að aukið fjármagn hafi fylgt og í ágúst 2026 voru níu einstaklingar á biðlista. Þá þarf sérstaklega að horfa til þess hóps ungmenna sem útskrifast úr framhaldsskólum árið 2027. Bið eftir þjónustu getur jafnframt haft áhrif langt út fyrir starfsemi Virknimiðstöðvarinnar, meðal annars á fjölskyldur umsækjenda og mönnunarpörf í íbúðakjöllum.

Til að mæta þessari þróun þarf bæði að skapa svigrúm innan núverandi þjónustu og móta skýra uppbyggingaráætlun til lengri tíma. Þar kemur meðal annars til skoðunar að koma á almenntri dagdvöl fyrir aldrað fatlað fólk í samstarfi við Sjúkratryggingar Íslands, sem gæti bæði skapað svigrúm í núverandi virkniúrræðum og boðið upp á þjónustuumhverfi sem betur mætir þörfum þeirra sem þurfa á meiri ró og minna áreiti að halda. Jafnframt þarf áfram að þróa fjölbreyttari leiðir til atvinnu og virkni í samfélaginu og horfa sérstaklega til hópa sem í dag hafa takmarkaða möguleika á viðeigandi þjónustu.



Meginverkefnið fram undan er því að tryggja sjálfbæran rekstur þjónustunnar samhlíða því að mæta vaxandi og breytilegum þörfum fatlaðs fólks. Til þess þarf að nýta núverandi fjármagn eins vel og kostur er, fjölga þjónustuleiðum og gera þær fjölbreyttari ásamt því að móta skýra uppbyggingaráætlun sem tekur mið af fyrirséðri þjónustuþörf næstu ára.